

AÐALFUNDUR EININGAR-ÍÐJU

28. apríl 2021





Aðalfundur Einingar-Iðju

Rafrænn í gegnum Microsoft Teams

28. apríl 2021 kl. 19:30

Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. Látinna félaga minnst.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins.
5. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
6. Kosning löggilts endurskoðanda.
7. Afhending gullmerkja félagsins.
8. Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
9. Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.
10. Kosning 42 fulltrúa í fulltrúaráð Stapa lífeyrissjóðs.
11. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
12. Önnur mál.

Ársskýrsla Einingar-Iðju 2020–2021

Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson

Umsjón, umbrot og hönnun: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Skýrslan er einungis gefin úr á rafrænu formi þetta árið vegna Covid.

Skýrsla félagsins er að miklu leyti unnin upp úr fundargerðum aðalstjórnar og heimildum frá stjórnnum sjóða félagsins.

Einnig er notast við frásagnir og umfjöllun um félagið í félagsblaðinu og á heimasíðu Einingar-Iðju.

Eining-löjja - Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Einingar-löjju 2020-2021.....	4
Samstæðureikningur 2020	18
Áritun óháðs endurskoðanda	18
Áritun skoðunarmanna	19
Skýrsla stjórnar	20
Yfirlit um rekstrarafkomu 2020	21
Yfirlit um efnahag 31. desember 2020.....	22
Félagssjóður - Rekstrarreikningur ársins 2020	23
Félagssjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2020	24
Sjúkrasjóður - Rekstrarreikningur ársins 2020.....	25
Sjúkrasjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2020	25
Orlofssjóður - Rekstrarreikningur ársins 2020.....	26
Orlofssjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2020	27
Vinnudeilusjóður - Rekstrarreikningur ársins 2020	28
Vinnudeilusjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2020	28
Fræðslusjóður - Rekstrarreikningur ársins 2020.....	29
Fræðslusjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2020	29
Byggingarsjóður - Rekstrarreikningur ársins 2020.....	30
Byggingarsjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2020.....	30
Skrifstofa Einingar-löjju - Rekstrarreikningur ársins 2020.....	31
Samandreginn rekstrarreikningur - Rekstrarreikningur ársins 2020	32
Samandreginn efnahagsreikningur - Efnahagsreikningur 31. desember 2020	33
Sjóðstreymi ársins 2020	34
Skýringar.....	35
Gögn fyrir aðalfund 2021.....	40
Dagskrárliður 5 - Stjórn og trúnaðarráð Einingar-löjju starfsárið 2021-2022	40
Dagskrárliður 6 – Löggiltur endurskoðandi	41
Dagskrárliður 8 - Kjörstjórn	41
Dagskrárliður 9 – Stjórnir sjóða og nefnda	42
Dagskrárliður 10 – Fulltrúar í fulltrúaráð Stapa	42
Dagskrárliður 11 - Stjórnarlaun.....	43



Við erum hér fyrir þig!

Aðalskrifstofa félagsins er á Akureyri en að auki rekur félagið skrifstofur á Dalvík og í Fjallabyggð. 16 starfsmenn eru með aðsetur á Akureyri, einn á Dalvík og einn í Fjallabyggð.

Félagið hefur einnig fulltrúa til þjónustu við félagsmenn í Hrísey og á Grenivík.



Elsa Sigmundsdóttir tók við 1. desember sl. sem skrifstofustjóri félagsins. Sigrún Lárusdóttir, fyrrum skrifstofustjóri, lætur formlega af störfum 1. maí nk. eftir 46 ára starf fyrir Einingu-löju og Einingu þar á undan. Elsa gegndi áður stöðu verkefnastjóra og ráðgjafa hjá VIRK.

Helga Þyri Bragadóttir tók við starfi verkefnastjóra hjá VIRK í stað Elsu þegar hún tók við sem skrifstofustjóri félagsins.

Eyrún Halla Eyjólfssdóttir, þjónustufulltrúi, lét af störfum hjá félaginu fyrr á árinu.

Fjórir nýir starfsmenn hófu störf á starfsárinu.

Kristín Guðmundsdóttir hóf störf þann 1. október sl. Hún var ráðin úr hópi 43 umsækjanda sem sóttu um stöðu ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar.

Rut Pétursdóttir var ráðin sem þjónustufulltrúi hjá félaginu og hóf störf 1. nóvember sl. Hún var ráðin úr hópi 37 umsækjanda sem sóttu um stöðuna.

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir var ráðin skráningar- og innheimtustjóri hjá félaginu og hóf störf um síðustu áramót. Hún var ráðin úr hópi 21 umsækjanda sem sóttu um stöðuna. Hún var ráðin í stað Margrétar Einarsdóttur sem mun láta af störfum um næstu mánaðamót eftir langan starfsferil hjá stéttarfélagum og lífeyrissjóðum, nú síðast hjá Einingu-löju í 24 ár.

Magdalena Þórarinsdóttir var ráðin nýr afgreiðslufulltrúi hjá félaginu og hóf hún störf 1. apríl sl.

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, sem gegnt hefur starfi afgreiðslu- og þjónustufulltrúa undanfarin ár, var ráðin frá 1. apríl sl. sem þjónustufulltrúi sjóða félagsins. Þ.e. fræðslu-, orlofs- og sjúkrasjóðs.





STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK ráðgjafarnir Helga Þyri, Kristín, Nicole og Svana eru starfmenn Einingar-Iðju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu. Þær eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Helga Þyri tók við starfi verkefnastjóra hjá VIRK í stað Elsu sem tók við sem skrifstofustjóri.

Svana er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð á miðvikudögum og Nicole er með fasta viðveru á skrifstofunni á Dalvík á þriðjudögum.

Vilhelm Adolfsson er verkefnastjóri vinnustaða- eftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Hann er starfsmaður félagsins og með aðsetur á skrifstofunni á Akureyri, en starfar fyrir 13 stéttarfélög sem eru starfandi á þessu svæði. Markmið vinnustaðaskírteina og eftirlits á vinnustöðum er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samráðsnefnd ASÍ og SA hefur veitt sérstökum eftirlitsfulltrúum heimild til að annast eftirlit og hafa þeir rétt skv. lögum nr. 42/2010 til aðgangs að vinnustöðum og heimild til að krefja atvinnurekanda og launamenn hans um að sýna vinnustaðaskírteini.

Sjá nánar [hér](#)

Starfsmenn félagsins eru:

- Aðalbjörg G. Hauksdóttir, þjónustufulltrúi sjóða. adalbjorg@ein.is
- Anna Júlíusdóttir, varaformaður. annajul@ein.is
- Arnór Sigmarsson, lögfræðingur og þjónustufulltrúi. arnor@ein.is
- Ásgrímur Örn Hallgrímsson, upplýsingafulltrúi. asgrimur@ein.is
- Björn Snæbjörnsson, formaður. bjorn@ein.is
- Elsa Sigmundsdóttir, skrifstofustjóri. elsa@ein.is
- Helga Níelsdóttir, þjónustufulltrúi á Dalvík. helga@ein.is
- Helga Þyri Bragadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá VIRK. helgabraga@ein.is
- Íris Björk Árnadóttir, ræstitæknir.
- Kristín Guðmundsdóttir, ráðgjafi hjá VIRK. kristin@ein.is
- Magdalena Þórarinsdóttir, afgreiðslufulltrúi. ein@ein.is
- Margrét Einarsdóttir, skráningar- og innheimtustjóri. margret@ein.is
- Margrét Jónsdóttir, þjónustufulltrúi í Fjallabyggð. magga@ein.is
- Nicole Kristjánsson, ráðgjafi hjá VIRK. nicki@ein.is
- Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, skráningar- og innheimtustjóri. rosfrid@ein.is
- Rut Pétursdóttir, þjónustufulltrúi. rut@ein.is
- Svana Rún Símonardóttir, ráðgjafi hjá VIRK. svana@ein.is
- Vilhelm Adolfsson, verkefnastjóri vinnustaðaefitirlits. villi@ein.is



Svæðisfulltrúar

Á félagssvæðinu skulu starfa þrjú svæðisfulltrúar og þrjú varamenn þeirra og eiga þeir að vera staðsettir utan Akureyrar. Svæðisfulltrúa og varamann hans skal kjósa til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi á viðkomandi svæði eða þéttbýlisstað. Svæðisfulltrúar sitja í aðalstjórn félagsins fyrir hönd síns svæðis. Varamenn þeirra eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Í lok janúar fóru fram aðalfundir í svæðisráðum félagsins. Fundirnir voru túlkaðir yfir á pólsku en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru þeir í fyrsta sinn rafrænir. Á fundunum fór fram kosning á svæðisfulltrúum til tveggja ára og varamanna.

Fyrir aðalfund svæðisráðs Grýtubakkahrepps var ljóst að sitjandi varasvæðisfulltrúi, Þorsteinn Þormóðsson, gæfi ekki kost á sér áfram þar sem hann er fluttur af svæðinu. Engin mótframboð komu gegn þeim sem tilnefnd voru og er Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir því nýr varasvæðisfulltrúi á Grenivík til næstu tveggja ára. Róbert Þorsteinsson mun áfram sitja sem svæðisfulltrúi.

Á aðalfundi svæðisráðs Hríseyjar og Dalvíkurbyggðar var Guðrún J. Þorbjarnardóttir kosin aftur sem svæðisfulltrúi svæðisráðsins og Sigríður Þ. Jósepsdóttir var aftur kjörin varasvæðisfulltrúi. Engin mótframboð komu gegn þeim.

Nýr svæðisfulltrúi var kjörin á aðalfundi svæðisráðs Fjallabyggðar, en fyrir fundinn var ljóst að sitjandi svæðisfulltrúi, Margrét Jónsdóttir, gæfi ekki kost á sér til áfram. Engin mótframboð komu gegn þeim sem tilnefnd voru og var Elín Kjartansdóttir kjörin nýr svæðisfulltrúi í Fjallabyggð til næstu tveggja ára. Þorvaldur Hreinsson mun sitja áfram sem varasvæðisfulltrúi.

Stjórn félagsins 2020-2021

Eins og áður hefur komið fram sitja þrjú svæðisfulltrúar í stjórninni, þau Elín, Guðrún og Róbert. Auk þeirra sitja í stjórninni Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Hrefna Björg W. Björnsdóttir ritari stjórnar. Sigurpáll Gunnarsson meðstjórnandi tilkynnti um afsögn sína úr stjórn frá og með 25. ágúst þar sem hann

var að skipta um starfsvettvang utan starfs-sviðs félagsins.

Þrjú formenn deilda og þrjú varaformenn sitja einnig í stjórninni; Ingvar Kristjánsson og Svavar Magnússon frá Iðnaðar- og tækjadeild, Guðbjörg Helga Andrésdóttir og Ingibjörg María Ingvadóttir frá Opinberu deild og Tryggvi Jóhannsson og Sólveig Auður Þorsteinsdóttir frá Matvæla- og þjónustudeild.

Þó nokkur breyting varð því á stjórninni á starfsárinu.

- Nýr svæðisfulltrúi í Fjallabyggð.
- Nýr formaður og varaformaður Opinberu deildarinnar.
- Meðstjórnandi hætti.

Sjálfkjörið í stjórn félagsins 2021-2022

Fimmtudaginn 18. febrúar sl. rann út frestur til að skila inn lista eða tillögum um fólk í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2021-2022. Ekki bárust tillögur eða listar aðrir en frá trúnaðarráði og teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð gerði tillögu um sjálfkjörin frá og með aðalfundi 2021.


Björn Snæbjörnsson mun áfram verða formaður. Nýr ritari verður Gunnar Magnússon, en núverandi ritari bauð sig ekki fram á ný. Sigurpáll sem kosinn var meðstjórnandi til tveggja ára í fyrra hætti, eins og áður segir, í stjórninni í ágúst. Nýr meðstjórnandi til eins árs verður Sunna Líf Jóhannsdóttir.

Á bls. 7 má sjá helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum félagsins á síðasta starfsári.

Hér má sjá Gunnar og Sunnu Líf sem koma ný inn í stjórn félagsins frá og með aðalfundi 2021. Einnig Elínu, nýjan svæðisfulltrúa í Fjallabyggð sem og Ingibjörgu Maríu nýjan varaformann Opinberu deildar félagsins.



Elín



Gunnar



Ingibjörg María



Sunna Líf

Fundir í aðalstjórn

11 fundir voru haldnir í stjórn félagsins á starfsárinu þar sem fjölmörg mál voru tekin. Hér á eftir má sjá helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum, en vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.



Á fyrsta fundi stjórnar, sem haldinn var **23. júní** á Dalvík, var m.a. farið í skoðunarferð um nýtt hátæknavinnsluhús Samherja á Dalvík. Þar tóku fimm starfsmenn Samherja á móti hópnum og sýndu stjórnarmönnum félagsins nýja húsið. Sagt var frá aðalfundum Orlofsbyggðanna í Flókalundi, á Illugastöðum og á Einarsstöðum. Farið var yfir stöðuna í ráðningarferli nýs Virk Ráðgjafa. Rætt var um næsta starfsdag félagsins. Lögð var fram fundargerð frá aðalfundi Sparisjóðs Höfðhverfinga. Sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar kom á fundinn og fór yfir stöðuna í sveitarfélaginu. Sagt var frá formannafundi ASÍ og nýjung í orlofsmálum hjá félaginu.

Á fundi **24. ágúst** var m.a. sagt frá ráðningu nýs Virk ráðgjafa. Tekin voru fyrir fundarboð á 6. þing ASÍ-UNG og á 44. þing ASÍ. Fjallað var um starfsmannamál á fundinum og samþykkt að auglýsa eftir nýjum skráningar- og innheimtustjóra fyrir félagið sem og nýjum þjónustufulltrúa. Einnig var fjallað um námskeið fyrir stjórn og starfsmenn. Sagt var frá því að hafinn væri undirbúningur að árlegri kjarakönnun félagsins. Rætt var um mál-efni öldrunarheimila á Akureyri. Sagt var frá því að undirbúningsvinna vegna nýs samning við TDK væri að hefjast. Farið var yfir starf félagsins og stöðuna sem uppi er vegna Covid. Rætt var um Lífskjarasamninginn. Lagt var fram bréf þar sem skrifstofa ASÍ



staðfesti móttöku á ársreikningum félagsins fyrir árið 2019. Sigurpáll tilkynnti í lok fundar um afsögn sína úr stjórn félagsins þar sem hann var að skipta um starf og er það utan starfssviðs félagsins. Stjórnin þakkaði honum fyrir góð störf í þágu félagsins og fyrir sam-starfið og færði honum blómvönd.

Á fundi **14. september** sem fór fram á Illuga-stöðum voru hús félagsins á staðnum skoðuð, m.a. til að sjá hvernig til tókst með framkvæmdir á þeim sex húsum sem tekin höfðu verið í gegn. Stjórnin var mjög ánægð með hvernig til tókst og eftir góðar umræður var ákveðið að fá kostnaðar-áætlun við að breyta baðherbergjum í húsunum í neðra hverfinu á sama hátt og búið er að gera í efra hverfi. Farið var yfir stöðu mála varðandi Lífskjarasamninginn. Aftur var rætt um 44. þing ASÍ. Fjallað var um fyrirhugaðan fund í trúnaðarráði. Farið var yfir fundaplan með trúnaðarmönnum félagsins. Lagðar voru fram fundargerðir stjórnar Matvæla- og þjónustudeildar og stjórnar Opinberu deildarinnar og fóru formenn deildanna yfir helstu mál sem þar voru rædd. Samþykkt var að fara í framkvæmdir á skrifstofu félagsins á Akureyri. Sagt var frá 6. þingi ASÍ-UNG. Rætt var um félagsblaðið og hugmyndir um smá breytingu á því.



Á rafrænum fundi **19. október** var farið yfir stöðuna fór yfir stöðuna varðandi kjaramál, m.a. frá undirbúningsvinnu vegna nýs samnings við TDK. Sagt var að búið væri að ráða nýjan skráningar- og innheimtustjóra fyrir félagið sem og nýjan þjónustufulltrúa. Lagðar voru fram niðurstöður kannana sem gerðar voru á meðal félagsmanna sem leigðu orlofshús eðs íbúðir hjá félaginu um sumarið og kynnti Ásgrímur niðurstöður þeirra. Farið var stuttlega yfir 44. þing ASÍ sem fram átti að fara á rafrænan hátt nokkrum dögum síðar. Lagt var fram bréf frá Krabbameinsfélagi

Akureyrar og nágrennis sem bar yfirskriftina Neyðarkall vegna erfiðra aðstæðna félagsins. Samþykkt var að veita KAON aukastyrk að upphæð kr. 500.000 vegna ástandsins. Samþykkt var erindi frá fjórum samtökum sem eru í samstarfi í að veita jólaaðstoð. Stjórnin samþykkti að veita styrk að upphæð kr. 1.000.000. Tekið fyrir erindi um kaup á húsnæði í Alþýðuhúsinu. Samþykkt að kaupa nýjan fjarfundarbúnað í sal félagsins á Akureyri og í fundarherbergi. Samþykkt að fara í breytingar á nokkrum húsum félagsins á Illugastöðum. Lagt var fram uppfært minnisblað frá lögfræðingi félagsins vegna máls sem hann hefur haft til meðferðar sem varðar vangreidd, eða öllu heldur ógreidd laun tveggja fyrrum starfsmanna fyrirtækis á Akureyri og samþykkti stjórnin að halda áfram með málið. Tekið var fyrir og afgreitt erindi frá Alþýðusambandi Norðurlands vegna Illugastaðakirkju.

Á fundi **9. nóvember** sem var rafrænn var samþykkt að kaupa norðurpartinn á 2. hæð Alþýðuhússins og hlutdeild fyrrum eigenda á neðstu hæð hússins.

Forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra, mætti á rafrænan fund stjórnar þann **23. nóvember** og fór yfir horfur í atvinnumálum á svæðinu. Einnig var farið yfir stöðuna varðandi framkvæmd á vinnutímastyttingu og gerð stofnanasamninga hjá ríki og sveitarfélögum og stöðuna í samningaviðræðum við TDK. Farið var yfir stöðuna á framkvæmdum við hús félagsins á Einarstöðum. Samþykktar voru viðbætur við áður samþykktar framkvæmdir við nokkur hús félagsins á Illugastöðum. Lagt var fram og samþykkt plan um fundi í svæðisráðum, aðalfundi deilda og aðalfund félagsins. Farið var yfir fundargerð stjórnar Opinberu deildarinnar. Fjallað var um leiguverð orlofshúsa og niðurgreiðslur og ákvörðun tekin um leiguverð sumarsins. Lögð var fram tillaga að uppstillinganefnd Einingar-löju fyrir starfsárið 2021-2022. Rætt var um Stapa og einnig var tekið fyrir mál er varðaði Orlofsbyggðina í Flókalundi.

Á rafrænum fundi **21. desember** kynnti Tómas Bjarnason, ráðgjafi hjá Gallup, niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var fyrir Einingu-löju. Farið var yfir stöðuna varðandi gerð stofnana-samninga hjá ríkinu. Einnig var farið yfir stöðuna í

sambandi við vinnutímabreytingar hjá ríki og sveitarfélögum. Rætt var um samningamál við TDK. Samþykkt var að ráðast í endurbætur á sjúkraíbúð félagsins á 3. hæð í Sóltúni í Reykjavík. Farið var yfir stöðuna á framkvæmdum við hús félagsins á Einarstöðum. Sagt var frá tölvupósti sem barst félaginu með yfirskriftinni: „Getur þitt félag hjálpað Seyðfirðingum?“ Samþykkt var að bjóða þeim hús félagsins á Einarstöðum til afnota og einnig að styðja björgunarsveitina Ísólfr og Rauða krossinn á Seyðisfirði með fjárframlagi.

Í yfirlýsingu um aðgerðir til stuðnings lífskjara-samningnum lýstu stjórnvöld því yfir að þau myndu ásamt heildarsamtökum á vinnumarkaði vinna að gerð grænbókar um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála. Til að framfylgja þessu skipaði forsætisráðherra nefnd um gerð grænbókar um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál. Á rafrænum fundi stjórnar **14. janúar** var tekið fyrir bréf frá grænbókarnefndinni þar sem óskað var eftir stuttu álit frá félaginu um nokkur atriði varðandi málið. Á fundinum var einnig tekið fyrir erindi frá samstarfshópi starfsmenntasjóða. Sagt var frá því að vegna aðstæðna í þjóðfélaginu hefði verið ákveðið að hafa svæðisráðsfundi og aðalfundi deilda rafræna þetta árið.

Á rafrænum fundi **28. janúar** var m.a. lagt fram yfirlit um stöðu reikninga félagsins fyrir árið 2020. Einnig var lögð fram og samþykkt rekstraráætlun fyrir árið 2021. Farið var yfir stöðuna í samningaviðræðum við TDK og stöðu mála varðandi gerð stofnanasamninga hjá félaginu. Lagðar voru fram fundargerðir stjórnar Matvæla- og þjónustudeildar, Opinberu deildar og Iðnaðar- og tækjudeildar og fóru formenn deildanna yfir helstu mál sem þar voru rædd. Farið var yfir hvernig aðalfundir svæðisráða tókust. Lagt var fram og samþykkt erindi frá VIRK þar sem verið var að kanna hvort sjúkrasjóður félagsins hefði áhuga á að taka þátt í rannsókn þar sem verið er að kanna hvað veldur því að sumir komast aftur út á vinnumarkað eftir langvarandi veikindafjarveru en aðrir ekki. Samþykkt að kaupa nýja stóla í sal félagsins á Akureyri. Skipað var í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Einnig var skipað í nefnd til að fara yfir reglugerð sjúkrasjóðsins. Fjallað var um Stapa.

Sagt var frá boði frá Bjargi íbúðafélagi um að skoða nýjar íbúðir félagsins á Akureyri. Minnt var á væntanlega aðalfundi deilda og fund í trúnaðar-ráði. Sigríður vildi nota tækifærið, þar sem þetta er síðasti fundur hennar í stjórninni, og þakka fyrir samstarfið þessi 23 ár sem hún er búin að sitja í stjórn félagsins.



Björn þakkaði Sigríði fyrir mjög gott starf fyrir félagið og sagði að hún hefði verð mjög öflugur stjórnar-maður. Ófeimin við að segja sínar skoðun sem er mjög gott. Fleiri stjórnarmenn tóku undir orð Björns og þökkðu Sigríði fyrir samstarfið.

Fyrsti liður á fundi stjórnar **15. mars** var heimsókn forseta, varaforseta og framkvæmdastjóra ASÍ. Þarna voru á ferð Drífa Snædal, forseti ASÍ, Kristján Þórður Snæbjarnarson 1. varaforseti ASÍ, Sólveig Anna Jónsdóttir 2. varaforseti ASÍ, Ragnar Þór Ingólfsson 3. varaforseti ASÍ og Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ. Um var að ræða fyrsta fund, eða heimsókn, í hringferð ASÍ um landið þar sem þau voru að heimsækja stjórnir aðildarfélaganna þar sem ræða átti sérstaklega um stöðuna á hverju svæði fyrir sig, áherslur ASÍ næstu mánuði og verkefni dagsins og fleira.



Á fundinum var einnig rædd staðan í samninga-viðræðum við TDK. Farið var yfir hvernig tókst til með aðalfundi starfsgreinaeildanna. Samþykkt var tillaga um tilnefningu um fulltrúa félagsins í stjórn Stapa lífeyrissjóðs. Tekið var fyrir erindi frá Íslandsdeild Transparency International og rætt var um starfsmannamál.

Á lokafund stjórnar þetta starfsárið, þann **13. apríl** sl., mætti Hermann Brynjarsson, endurskoðandi félagsins, og kynnti reikninga fyrir síðasta ár. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá. Kynnt var niðurstaða nefndar um endurskoðun á reglugerð sjúkrasjóðs fyrir aðalfund félagsins og farið var yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 28 apríl. Sagt var frá nýjum kjarasamningi við TDK og úrslit atkvæðagreiðslu um hann. Rætt var um aðalfund Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum sem halda átti síðar í apríl. Kynnt var ráðning á starfsmanni í afgreiðsluna á Akureyri. Þá var farið yfir stöðuna á umsóknum um orlofshús og orlof að eigin vali og sagt var frá ársfundi Stapa sem verður í byrjun maí.

Starfsgreinadeildir félagsins

Félagið skiptist í þrjár starfsgreinadeildir og er hugmyndin með starfsgreinaskiptingu að nýta kosti bæði stórra og smærri félaga. Deildirnar þrjár eru Matvæla- og þjónustudeild, Iðnaðar- og tækjadeild og Opinbera deildin. Formenn og varaformenn deilda sitja í aðalstjórn félagsins.

Rafrænir aðalfundir

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru aðalfundir deilda félagsins rafrænir þetta árið. Þrátt fyrir það var ágæt mæting á fundina og tókust þeir mjög vel. Undanfarin ár hafa þeir farið fram sama kvöldið með sameiginlegri dagskrá í byrjun en núna fóru þeir fram dagana 2. til 4. febrúar sl. Skýrslur stjórna má finna á heimasíðu félagsins, www.ein.is.

Í byrjun fundanna fluttu formenn skýrslur stjórna og að því loknu var gengið til kosninga. Kjósa þurfti um fimm af níu stjórnarmönnum til tveggja ára, formann, ritara og þrjá meðstjórnendur í deildunum þremur. Engin mótframboð bárust og því voru allir sjálfkjörnir.

Tryggvi endurkjörinn formaður [Matvæla- og þjónustudeildar](#)



Tryggvi

Tryggvi Jóhannesson bauð sig áfram fram sem formaður, Sigríður Þ. Jósepsdóttir sem ritari og Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, Íris Eva Ómarsdóttir og Steinþór Berg Lúthersson buðu sig fram sem meðstjórnendur.

Fyrir í stjórn voru Sólveig Auður Þorsteinsdóttir varaformaður og meðstjórnendurnir Guðmundur Guðmundsson, Börkur Þór Björgvinsson og Sveinbjörn Kroyer Guðmundsson.

Ingvar endurkjörinn formaður [Iðnaðar- og tækjadeildar](#)



Ingvar

Ingvar Kristjánsson bauð sig áfram fram sem formaður, Gunnar Magnússon sem ritari og Eggert Hákonarson, Óðinn Björnsson og Halldóra Vilhjálmisdóttir buðu sig fram sem meðstjórnendur.

Fyrir í stjórn voru Svavar Magnússon varaformaður og meðstjórnendurnir Rannveig Kristmundsdóttir, Símon Hrafn Vilbergsson og Þormóður Sigurðsson.

Guðbjörg Helga er nýr formaður [Opinberu deildar](#)

Á aðalfundinum urðu formannsskipti, en Sigríður K. Bjarkadóttir sem gegndi embættinu frá því deildin var stofnuð þann 17. febrúar 1998 ákvað að gefa ekki kost á sér áfram.

Úr stjórn áttu að ganga Sigríður formaður, Anna Dóra Gunnarsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Andreea Georgiana Lucaci, Þórhalla Þórhallsdóttir og Tómas Jóhannesson. Sigríður, Þórhalla, Anna Dóra og Tómas voru búin að ákveða að gefa ekki kost á sér áfram í stjórn deildarinnar.

Guðbjörg Helga Andrésdóttir, varaformaður, bauð sig fram til formanns. Guðrún Valdís Eyvindsdóttir bauð sig fram í embætti ritara. Andreea Georgiana Lucaci, Bergur Þór Jónsson og Ólöf María Olgeirsdóttir buðu sig fram í embætti meðstjórnenda.

Þar sem Guðbjörg Helga var kosin í embætti formanns þurfti einnig að kjósa í embætti varaformanns til eins árs. Ingibjörg María Ingvadóttir meðstjórnandi bauð sig fram og var kjörin einróma. Þar sem Ingibjörg var kjörin varaformaður þurfti líka að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs. Ágústa Ósk Guðnadóttir bauð sig fram í það og var kjörin einróma.

Í lok fundar bað Sigríður, fyrrum formaður, um orðið og sagði: „Þetta er minn síðasti aðalfundur sem formaður en því embætti hef ég gegnt frá því deildin var stofnuð 17. febrúar 1998. Ég hef jafnframt setið í aðalstjórn Einingar og Einingarlöju allan þann tíma. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem ég hef starfað með í gegnum árin hjá félaginu. Ég óska nýkjörnum formanni og nýkjörinni stjórn deildarinnar til hamingju með kosninguna. Ég óska stjórninni alls hins besta í áframhaldandi baráttu fyrir félagið og okkar félagsmenn.“



Guðbjörg og Sigríður
Guðbjörg fékk orðið í lok fundar og þakkaði fyrir traustið sem henni var sýnt. „Að taka við deildinni er mikil áskorun sem ég er til í að taka með góðu fólki, bæði innan stjórnar og félaga í deildinni.
Ég þakkar þeim sem láta af störfum í stjórn deildarinnar, ekki síst Siggú Bjarka fyrir sín störf sem formaður deildarinnar í 23 ár. Siggú hefur verið mjög ötul að sinna sínu starfi og oft verið í hörðum samningum fyrir félagsmenn deildarinnar. Hún hefur ávallt haft mjög sterkar skoðanir á því hvað kæmi hennar fólki best. Baráttukona sem nú skilar góðu búi til okkar, takk öll fyrir frábært starf og gangi ykkur vel í því sem fram undan er hjá ykkur í lífinu.
Einnig bið ég nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Að lokum óska ég öllum velfarnaðar á komandi starfsári og segir fundi slitið.“


**Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins!
Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp.
Leigutaki þarf að borga kr. 25.000 sekt ef reglan er brotin.**

Orlofsmál

Árið 2020 var að venju boðið upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn, en þeim var öllum aflýst vegna Covid. Búið er að skipuleggja tvær ferðir í ár, en ákveðið var að aflýsa utanlandsferð ársins.

„Orlof að eigin vali“

300 styrkjum var úthlutað til félagsmanna á árinu 2020, hver að upphæð kr. 25.000. Vegna Covid gátu einungis 121 félagsmaður notað sinn styrk.



Félagið á 21 orlofshús og sex orlofsíbúðir. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-löja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýting húsa í fyrra má sjá neðst á síðunni.

Félagsmönnum var aftur boðið upp á íbúð á Spáni síðasta sumar, en ekki var hægt að nýta hana vegna Covid. Þrátt fyrir óvissu um Covid var ákveðið að sjá til með hvernig ástandið þróast og bjóða upp á þennan orlofskost aftur sumarið 2021. Því geta félagsmenn tekið hana á leigu næsta sumar og gildir fyrstur pantar, fyrstur fær.

Nýting orlofshúsa 2020

<i>Skripti- og leiguhús</i>	<i>Sumarvikur (dagar)</i>
Spánn (1)	0
Bjarteyjarsandur (1)	10 (70)
Brekkuskógur (2)	22 (154)
Garðshorn (1)	9 (63)
Húsafell (1)	12 (84)
Klifabotn í Lóni (1)	9 (63)
Munaðarnes (1)	13 (91)
Stykkishólmur (1)	12 (84)
Súðavík (1)	10 (70)
Úlfjótuvatn (1)	10 (70)
Ölfusborgir (1)	9 (63)

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Félagsmenn þurfa sjálfir að þrifa orlofshús félagsins áður en þeim er skilað. Orlofshúsin eru sameign okkar allra og er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Orlofsvefurinn

Á [Orlofsvefnum](#) geta félagsmenn skráð sig inn og sótt um fyrir sumarvertíðina eða pantað orlofseignir yfir veturinn og gengið frá greiðslu. Einnig er hægt að kaupa ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótélum og gistiheimilum um allt land.

Einnig er hægt að kaupa á vefnum Útilegukortið og Veiðikortið, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Ekki er lengur í boði að kaupa þessi kort á skrifstofum félagsins.

Ekki þarf að skrá sig inn til að skoða hvaða eignir, eða ferðaávisun á hótél eru í boði. Einungis þarf að skrá sig inn ef viðkomandi ætlar að sækja um hús, íbúð eða Orlof að eigin vali þegar sumarúthlutun er í gangi, panta hús eða íbúð að vetri til eða kaupa ferðaávisun eða kort sem í boði eru allt árið um kring.

<i>Hús í eigu félagsins</i>	<i>Viku- og helgarleigur (dagar)</i>
Einarsstaðir (4)	43 (301)
Illugastaðir (6) (14 yfir veturinn) ...	227 (1.047)
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	11 (77)
Svignaskarð (1)	27 (148)
Tjarnargerði (1)	28 (145)
Höfuðborgarsvæðið (6)	136 (952)
Sjúkraíbúðir (3)	84 (235)

Vegna Covid var lokað á Illugastöðum í apríl 2020 og ekki var hægt að leigja hús eða íbúðir félagsins frá 4. nóv. til 2. des. sl.

Sjúkrasjóður

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði	2020			2019		
	Fjöldi félaga	styrkja	Upphæð	Fjöldi félaga	styrkja	Upphæð
Dagpeningar	187	481	132.372.351	205	494	124.548.384
Útfararstyrkir.....	16	16	3.760.000	9	9	2.810.000
<i>Bætur samtals</i>	203	497	136.132.351	214	503	127.358.384
Styrkir til félagsmanna						
Sjúkraþjálfun og sjúkranudd (*breytt talning)....	274	3.804*	10.531.104	467	815	7.618.457
Krabbameinsskoðun	172	206	1.105.258	363	390	1.877.700
Líkamsrækt	499	683	9.936.300	955	1.109	14.653.699
Aðrir styrkir	385	962	11.634.831	487	491	8.969.892
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	1.330	5.655	33.207.493	2.272	2.805	33.119.748
Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði	1.533	6.152	169.417.182	2.486	3.308	160.478.132

Verkefni sjóðsins er að veita fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Einnig að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar. Þegar tvö ár eru liðin frá því lífeyrisþegi greiðir félagsgjald til félagsins þá falla niður réttindi til endurgreiðslu úr sjúkrasjóði.


Skil á gögnum

Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 24. hvers mánaðar til að fá borgað út um næstu mánaðamót. Sérstakur umsóknarfrestur er í desember og er hann auglýstur sérstaklega.

Sjúkraíbúðir í Reykjavík

Eining-löja á þrjár sjúkraíbúðir í Reykjavík, tvær er í Sóltúni og ein í Ásholti. Þær eru ætlaðar til leigu fyrir félagsmenn sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Íbúðirnar eru leigðar eftir því sem félagsmönnum hentar, það er fólk er ekki bundið við að leigja í eina viku í senn heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

Félagsmenn þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins til að bóka íbúð því þær eru ekki á orlofshúsavefnum. Þegar bókunin hefur farið fram þarf leigutaki að greiða leiguna með því að fara á orlofshúsavef félagsins á sínum rafrænu skilríkjum. Þar inni eru allar upplýsingar um pöntunina og fær félagsmaðurinn leigusamninginn í tölvupósti um leið og greiðslan fer í gegn.



Tengiliður við Sjúkrasjóð



Elsa Sigmundsdóttir,
skrifstofustjóri félagsins
elsa@ein.is
460 3604

Fræðslumál

Aðalbjörg G. Hauksdóttir veitir allar upplýsingar og er tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu, en Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið félagsins. Ef félagsmenn fá hugmynd af einhverskonar námskeiði heyrðu þá í Önnu.

Vert er að minna á samstarfssamning sem félagið er með við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY tók m.a. að sér að hafa umsjón með dyravarðanámskeiðum sem félagið hefur séð um í áratugi.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Fjöldmörg námskeið og námsleiðir eru í boði og geta áhugasamir kíkt á www.simey.is til að sjá framboð námskeiða.

Einnig er vert er að minna félagsmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum að starfsmenntasjóðirnir Sveitamennt og Ríkismennt greiða námskeiðsgjald vegna þátttöku almennra starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins. Þetta á einnig við um stofnanir ríkis og sveitarfélaga sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt.

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu, flest á rafrænan hátt vegna Covid. Mjög góð þátttaka var á þessum námskeiðum og eins og alltaf er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á námskeiðin því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Fræðsluáttak vegna Covid-19 - Frír aðgangur að námskeiðum

Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar í fyrra að rýmka úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja í ákveðinn tíma. Átakið tók gildi 15.mars 2020 og gildir nú til 1. júní nk. gagnvart námi eða námskeiðum sem haldin eru eða hefjast innan

þessa tímaramma. Fræðslusjóðirnir gerðu samninga við fræðsluaðila sem bjóða upp á vefnám/fjarnám þar sem fyrirtækjum og einstaklingum er boðin þátttaka í námi eða námskeiðum þeim að kostnaðarlausu. Þetta gildir einnig um staðbundið nám þar sem því er við komið vegna aðstæðna.

[Hér má sjá lista yfir framboð á námi sem búið er að semja um](#)

Starfsmenntasjóðir

976 félagsmenn, 588 konur og 388 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er fjölgun um 68 styrki milli ára. Upphæðin sem greidd var út hækkaði um rúmar 15,3 milljónir og var kr. 60.447.045.

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga.....	83
Tungumálanám.....	12
Framhaldsskóli.....	182
Háskólanám.....	314
Tómstundanám.....	32
Starfstengt nám/námskeið.....	182
Almenn ökuréttindi.....	92
Sjálfstyrkingarnámskeið.....	14
Náms- og kynnisferðir.....	1
Annað.....	33

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almenni markaðurinn.....	623
Sveitarfélög.....	327
Ríkið.....	26

Aldursdreifing styrkþega


17-20 ára	173
21-30 ára	455
31-40 ára	183
41-50 ára	89
51-60 ára	52
61-70 ára	24

Tengiliður vegna fræðslumála



Aðalbjörg G. Hauksdóttir,
þjónustufulltrúi sjóða
adalbjorg@ein.is
460 3619

Útgáfa og kynningarmál



Undanfarin ár hefur félagið gefið út þrjú blöð ár hvert, orlofsblað, sumarblað og jólablað. Á síðasta ári urðu þau einungis tvö; vegna Covid. [Félagsblöðin](#) voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 12.000 eintökum.

[Heimasíða félagsins](#) var eins og áður vel virk og mjög vel sótt af félagsmönnum og öðrum.

Eining-Ídja er á [Facebook](#) og [Instagram](#). Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins birtast jafnframt á Facebook ásamt öðru sem tilheyrir starfinu. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „líka“ Facebook síðuna. Ýmsar tilkynningar detta inn á Instagram síðu félagsins þannig að það er um að gera að fylgjast líka vel með henni.

Veistu hvað...? á tíu tungumálum

Fyrir nokkrum árum gaf félagið út bæklinginn „Veistu hvað við getum gert fyrir þig?“ á sjö tungumálum, íslensku, dönsku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og þýsku. Nú er búið að þýða bæklinginn yfir á arabísku, tælensku og rúmönsku. Bæklingana 10 má fá á skrifstofum félagsins en einnig má finna þá [hér á heimasíðu félagsins](#).

Í þessum bækling er m.a. fjallað á stuttan hátt um sjúkrasjóðinn, orlofssjóðinn og fræðslusjóðinn. Svarað er spurningunni „Af hverju stéttarfélag?“ Fjallað er um trúnaðarmenn og til hvers þeir eru. Útskýrt hvað kjarasamningur er og sagt frá hverjir helstu kjarasamningar félagsins eru. Þá er sagt frá hvað félagsgjaldið færir viðkomandi og útskýrt er félagafrelsi, en launamönnum er frjálst að standa utan stéttarfélaga, þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn. Þá eru þeir aukafélagar þar sem vinnuveitendum ber að greiða af öllum starfsmönnum sem vinna eftir kjarasamningum félagsins. Aukafélagar borga en hafa engin réttindi! Borgar það sig?

Skólaheimsóknir

Frá árinu 1998 hefur félagið verið með fræðslu í öllum tíundabekkjum á félagssvæðinu. Einnig hefur félagið verið með fræðslu í MA og VMA og fleiri skólum á norðurlandi.

Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins [má finna niðurstöður](#) í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna sl. haust. Eins og undanfarin ár sá Gallup um framkvæmd könnunarinnar, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna.

Þetta var í tíunda sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slík könnun verði framkvæmd í samstarfi við AFL næsta haust.

Framkvæmdir hjá félaginu

Á starfsárinu þurfti eins og áður að fara í ýmsar framkvæmdir.

- Ákveðið var að breyta baðherbergjunum og eldhúsum í fimm húsum félagsins í neðra hverfinu á Illugastöðum á sama hátt og búið var að gera í efra hverfinu.
- Tvö húsa félagsins af fjórum á Einarstöðum voru tekin í notkun í lok júní eftir að þau voru nánast algjörlega endurnýjuð og stækkuð lítillega um veturinn. Þetta voru hús nr. 21 og 22 sem félagið hafði keypt nokkru áður af AFLi starfsgreinafélagi. Um haustið var svo skipt um þak á þeim. Hús félagsins nr. 26 og 31 fengu sömu yfirhalningu nú í vetur og verða tilbúin fyrir sumarvertíðina. Vægt til orða tekið eru nýju húsin stórglæsileg og er óhætt að óska félagsmönnum til hamingju með þau.
- Í janúar var ráðist í breytingar á skrifstofunni á Akureyri, þegar ein stór skrifstofa var minnkuð og búnaur til úr henni tvær.
- Ákveðið var að ráðist var í endurbætur á sjúkraíbúð félagsins á 3. hæð í Sóltúni í Reykjavík, á svipaðan hátt og gert var í sjúkraíbúð félagsins á 2. hæð hússins.

Ennfremur var farið í almennt viðhald, í öðrum orlofshúsum, íbúðum og skrifstofum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

Á starfsárinu var ákveðið að kaupa norðurpartinn á 2. hæð Alþýðuhússins og hlutdeild fyrrum eigenda á neðstu hæð hússins. Parturinn sem keyptur var er í langtímaleigu næstu árin.

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og deildarstjórnunum, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjöldmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum, en í október hélt félagið 15 rafræna fundi með trúnaðarmönnum vegna breytinga á vinnutíma. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess. Vegna Covid fóru mjög margir þessara funda fram á rafrænan hátt.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð hélt tvo fundi. Á fyrri fundinum var gengið frá fulltrúum félagsins á 44. þing ASÍ sem fram fór í október. Gestur fundarins var Drífa Snædal, forseti ASÍ, sem fór yfir ýmiss mál. Björn, formaður félagsins, fór einnig yfir starfið í félaginu á tímum Covid-19.

Á seinni fundinum, sem var rafrænn, var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2021/2022 og skilafrest lista. Björn, formaður félagsins, fór einnig yfir helstu niðurstöður úr nýrri Gallup könnun sem gerð var fyrir félagið.

Samninganefnd

Enginn fundur var haldinn í samninganefnd félagsins á starfsárinu. Umboð samninganefndar fellur niður þegar aðalkjarasamningar og tengdir sérkjarasamningar hafa verið samþykktir. Stjórn félagsins eða formaður í umboði hennar sjá um gerð kjarasamninga á milli starfstíma samninganefnda.

Uppstillinganefnd

Uppstillinganefnd hélt tvo fundi á starfsárinu og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið. Þó urðu þeir mun færri en vanalega vegna ástandsins í þjóðfélaginu vegna Covid og flestir rafrænir.

Undanfarin ár er búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi, þar sem átt hafa sér stað góðar

umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Vegna Covid voru mjög fáir slíkir fundir haldnir á starfsárinu. Trúnaðarmenn eru þó hvattir til að vera duglegir að halda slíka fundi með starfsmönnum félagsins, þegar aðstæður leyfa.

Þing og ársfundir

Í júní 2020 var haldinn ársfundur Stapa, í september fór fram 6. þing ASÍ-UNG og 44. þing ASÍ fór fram í október. Þá fóru fulltrúaráðsfundir Stapa fram í nóvember og mars. Eining-löjja átti að sjálfsgöðu þarna fulltrúa og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum samkomum.



Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn á Akureyri 30. júní 2020. Mæting á fundinn var góð og fór hann vel fram. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 42 fulltrúar frá Einingu-löjju áttu rétt á setu á fundinum þar sem Erla Jónsdóttir, stjórnarformaður Stapa, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2019. Þá fór Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreikning sjóðsins og tryggingafræðilega stöðu Stapa sem tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson vann fyrir sjóðinn. Var ársreikningur sjóðsins samþykktur samhljóða að yfirferð lokinni. Einnig kynnti Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar, fjárfestingarstefnu sjóðsins og hluthafastefnu sjóðsins. Á fundinum voru samþykktar breytingar á samþykktum sjóðsins, sem Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðurmaður réttindasvið Stapa kynnti. Erla, formaður stjórnar, kynnti starfskjarastefnu sjóðsins og þá var stjórnarkjöri lýst, en það hafði farið fram á fulltrúaráðsfundi sjóðsins fyrr á árinu.

Fulltrúaráðsfundir Stapa

Fulltrúaráð Stapa er samkvæmt samþykktum sjóðsins skipað þeim aðilum sem voru fulltrúar launamanna og atvinnurekenda á ársfundi sjóðsins. Fulltrúaráðið skal kalla saman tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum

undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomandi kjarasamninga hverju sinni.

Fyrri fundurinn fór fram á rafrænan hátt 27. nóvember sl. þar sem Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa fór yfir yfir þróun mála hjá sjóðnum það sem af var árinu. Hann ræddi meðal annars áhrif af völdum Covid-19 á reksturinn, það helsta sem er framundan hjá Stapa ásamt því að kynna lykiltölur úr afkomu sjóðsins á fyrstu tíu mánuðum ársins. Því næst fór Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar yfir framvindu fjárfestingarstefnu sjóðsins á árinu auk þess að kynna fjárfestingarstefnu komandi árs. Undir liðnum önnur mál svöruðu starfsmenn sjóðsins fyrirspurnum fulltrúa um málefni sjóðsins.

Á seinni fundinum sem fram fór rafrænt 30. mars sl. var farið yfir lykiltölur úr afkomu, fjárfestingarstefnu ársins, starfskjarastefnu sjóðsins, breytingar á samþykktum og staðfestar voru tilnefningar í stjórn sjóðsins.

6. þing ASÍ-UNG fór fram 11. september sl. Vegna aðstæðna í samfélaginu var þingið í fyrsta sinn haldið rafrænt. Dagskrá þingsins var stytta eins og mögulegt var og allt málefnaþrá látiði bíða betri

tíma. Aðeins var kosið um lagabreytingatillögur og til nýrrar stjórnar. Tveir fulltrúar frá félaginu sátu þingið.

44. þing ASÍ fór fram á rafrænan hátt 21. október, þar sem kjarnaatriðin, samkvæmt lögum ASÍ, voru afgreidd en þinginu var frestað, en næsta haust verður því haldið áfram og þá verður farið í málefnavinnu.

Eining-löjla átti rétt á að senda níu fulltrúa á þingið, en um var að ræða 300 manna fjárfund þar sem m.a. var samþykkt að breyta lögum sambandsins þannig að varaforsetum fjölgar úr tveimur í þrjú. Lagabreytingartillagan var samþykkt með naumum mun eftir fjörugar umræður. Í kosningu um þetta nýja embætti var aðeins Ragnar Þór Ingólfsson í framboði og var hann því sjálfkjörinn.

Ekki bárust nein móttframboð um embætti forseta ASÍ, 1. varaforseta né 2. varaforseta og voru Drífa Snædal, Kristján Þórður Snæbjarnarson og Sólveig Anna Jónsdóttir því sjálfkjörin í þau embætti. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löjla og SGS, var kjörinn til að sitja áfram í miðstjórn, en þeir 11 einstaklingar sem kjörnefnd gerði tillögu um til setu í miðstjórn voru sjálfkjörnir þar sem engin móttframboð bárust.

Ýmsar tölulegar upplýsingar!

Helstu styrkir úr félagssjóði

Jólaaðstoðin	1.000.000
KAON	500.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	400.000
Björgunarsveitin Ísólfulur	150.000
Rauði krossinn á Seyðisfirði	150.000

Almenn starfssemi og þjónusta


Starfsmenntastyrkir	976
Styrkir úr sjúkrasjóði	1.533
Orlofshús og styrkir	793
Orlofsferðir og leiksýningar	0
Samtals	3.302
Árið 2019 voru sambærilegar tölur	5.143

Lykiltölur

Tekjur	2020	2019
Félagsgjöld / iðgjöld	226.031.668	209.094.870
Sjúkrasjóðsgjöld	220.431.308	170.360.387
Orlofssjóðsgjöld	92.704.358	81.761.074
Húsaleiga	34.123.877	40.794.972
Aðrar tekjur	59.517.409	58.479.241
Samtals tekjur	632.813.810	560.490.544
<i>Gjöld</i>		
Styrkir til félagsmanna	175.610.173	170.544.787
Rekstur og viðhald fasteigna	88.728.824	79.520.144
Laun, rek.kostn. og afskriftir	295.789.650	297.861.745
